

Flóahreppur
B.t. Sveitarstjórnar Flóahrepps
Þingborg
803 Selfoss

Sauðárkrókur, 26. janúar 2026


Efni: Úttekt á Brunavörnum Árnessýslu

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) tryggir samræmingu slökkvistarfs og eldvarnareftirlits um land allt. Í því skyni skal stofnunin gera sjálfstæðar athuganir og úttektir með það að markmiði að leiðbeina sveitarstjórnnum um þær kröfur sem gerðar eru til starfsemi slökkviliða skv. 6. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.


HMS framkvæmdi úttekt á Brunavörnum Árnessýslu þann 21. október 2025. Markmiðið var að staðreyna hvort starfsemi slökkviliðsins væri í samræmi við lögbundnar kröfur, brunavarnaáætlun sveitarfélagsins og leiðbeina sveitarstjórn um þau atriði sem þarfnast úrbóta. Leitað var umsagnar slökkviliðsstjóra við úttektina og tekið mið af athugasemdum hans við niðurstöðu hennar.

Hjálagt fylgir niðurstaða úttektar ásamt leiðbeiningum um þau atriði sem þarfnast úrbóta. Þar kemur fram að 0 af 32 úttektaratriðum eru metin óásættanleg. HMS telur nauðsynlegt að sveitarfélagið ráðist í viðeigandi úrbætur og leggi framúrbótaáætlun sem tekur til athugasemda stofnunarinnar.

Telji HMS að sveitarstjórn sinni ekki skyldu sinni samkvæmt lögum um brunavarnir eða reglugerðum settum samkvæmt þeim ber stofnuninni að undangenginni viðvörðun til sveitarstjórnar að tilkynna það til ráðuneytis, sbr. 33. gr. laga um brunavarnir nr. 75/2000.


Bjarni Höskuldsson,
sérfræðingur á brunavarnasviði

Virðingarfyllt,
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar


Valur Valsson,
sérfræðingur á brunavarnasviði

Afrit sent: Slökkviliðsstjóra

Úttekt á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar
Brunavörnum Árnassýslu
21. október 2025

Úttektaraðilar: Bjarni Höskuldsson og Valur Valsson

Hér fyrir neðan eru samandregnar þær athugasemdir sem gerðar voru við úttektina. Litakóði í mati gefur til kynna alvarleika athugasemda að mati sérfræðinga HMS.

	Í lagi
	Lítið frávik
	Þarfnast úrbóta
	Mikið frávik
	Óásættanlegt

1. Húsnæði

Húsakostur

Í lagi

Húsakostur almennt með ágætum og verið að endurnýja eldri stöðvar.
Ný stöð hefur verið tekin í notkun að Laugarvatni. Ný slökkvistöð er í byggingu að Flúðum og undirbúningur að byggingu á slökkvistöð að Borg í Grímsnesi.

Viðhald húsnæðis

Í lagi

Er aðstaða til að geyma hlífðarfatnað

Í lagi

Er aðstaða til að þrifa hlífðarfatnað og annan búnað

Í lagi

Aðstaða til að þrifa búnað á Selfossi skiptist í hreint og óhreint svæði.

Er aðstaða til að þrifa mannskap (Hrein/óhreint svæði)

Í lagi

2. Þjálfun mannskaps

Slökkviliðsmenn

130

Menntun

Í lagi

129 slökkviliðsmenn eru með menntun til reykköfunar og meiri hlutinn í björgunartækni og eiturefnum.

Almennar æfingar

Í lagi

Almennt er slökkviliðið að viðhalda hæfni sinni með reglubundnum æfingum.

Æfingaáætlun

Æfingaáætlun til staðar.

Í lagi

3. Hlíðarfatnaður og persónubúnaður**Ástand hlíðarfatnaðar**

Ástand hlíðarfatnaðar er gott.

Í lagi

Ástand persónubúnaðar

Ástand persónubúnaðar er gott.

Í lagi

4. Reykköfun**Reykkafararéttindi**

Við úttekt í lok október var staða á fjölda reykkafara ekki ásættanleg. Reykkafara vantaði á starfsstöðvar í uppsveitum til að uppfylla viðbragðstíma og sinna þar með lífbjörgun. Ákveðið var að gefa slökkviliðunum frest til að bæta stöðu varðandi fjölda reykkafara. Þann 19.12.2025 voru 26 reykkafarar með gild réttindi hjá BÁ. Segja má að starfsmenn BÁ hafi brugðist gríðarlega vel við. Í dag 26.01.2026 eru reykkafarar á starfssvæði BÁ 57 talsins og á öllum starfsstöðum liðsins. Til þess að menn hafi gild reykköfunarréttindi þurfa þeir að hafa sex virkar æfingar sl. 12 mánuði og þrjár klukkustundir í virkri reykköfun undir þrýstingi. Síðan þarf læknisskoðun að vera í gildi og gilt þrekpróf. Að lokum þurfa menn að hafa menntunarkröfur í lagi.

Í lagi

Læknisskoðun

117 starfsmenn hafa gilda læknisskoðun.

Í lagi

Þrekpróf

79 starfsmaður hafa gilt þrekpróf.

Í lagi

Menntunarkröfur fyrir reykköfun

129 starfsmenn hafa menntun til reykköfunar.

Í lagi

5. Reykköfunarbúnaður

Er reykköfunarbúnaðurinn yfirfarinn sérstaklega á 12 mánaða fresti (lágmark) og skoðuð á 2 ára fresti hjá viðurkenndum aðila og er haldin skrá um það

Í lagi

Eru loftkútar skoðaðir reglulega (5ár) athuga líftíma

Í lagi

Er skráning slysa og óhappa sem verða við reykköfun send til HMS fyrir 1. mars ár hvert

Í lagi

Hefur loftpressan verið tekin út af HMS og er skráning sýnatöku á loftgæðum

Í lagi

6. Slökkvibifreiðar

Ástand slökkvibifreiða	Í lagi
Eru ökutæki og búnaður prófaður reglulega	Í lagi
Klippibúnaður - Endingartími á slöngum í vökvaklippum	Í lagi
Hefur vinneftirlitið tekið út körfu/stigabílinn	Í lagi
Hefur mannskapur viðeigandi réttindi	Í lagi

7. Brunavarnaáætlun

Virk Brunavarnaáætlun Brunavarnaráætlun fyrir starfssvæði BÁ er í yfirllestri hjá slökkviliðsstjóra og starfsmönnum HMS. Hún mun líklega fara til stjórnar BÁ í feb-mars 2026.	Lítið frávik
Framkvæmdaáætlun Framkvæmdaáætlun er til en ný áætlun verður í Brunavarnaráætlun 2026.	Í lagi

8. Eldvarnareftirlit

Samvinna við byggingarfulltrúa Að mestu er samvinna við byggingarfulltrúa góð.	Í lagi
Skoðunaráætlun – skýrsla síðasta árs	Í lagi
Skoðunaráætlun fyrir 2025 - Alls fasteignir	918
Skoðunaráætlun 2025 - Lokið Af skoðunaráætlun er 184 lokið, 730 ólokið auk þess eru 4 skoðanir í vinnslu. Ljóst er að önnur verkefni eldvarnareftirlits taka mikinn tíma s.s. innsend erindi og beiðnir. Skoðunaráætlun sem telur 918 skoðanir er nokkuð umfangsmikil. Það er því ljóst að það gefst ekki mikill tími til að sinna skoðunaráætlun eldvarnareftirlits með öllu öðru.	20,0%
Skoðunaráætlun 2025 - Í vinnslu	0,4%

Beiðni um umsögn 2025	184
Yfirferð teikninga 2025	293
Öryggis- og eða lokaúttekt 2025 355 lokaúttektir - 69 öryggisúttektir.	424
Skoðanir ársins 2025 Þar af eru brunahanaskoðanir 458.	1287

9. Sértækur búnaður

10. Lögbundin hlutverk slökkviliða

Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss	Í lagi
Slökkvistarf innanhúss og reykköfun Sjá athugasemdir varðandi reykköfunarréttindi.	Í lagi
Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun	Í lagi
Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum	Í lagi
Eldvarnaeftirlit og forvarnir	Í lagi